

## Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur um flutning verkefna til sýslumannsembætta.

1. *Hvernig miðar framkvæmd aðgerðaáætlunar um flutning verkefna til embætta sýslumanna sem gerð var samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 50/2014? Telur ráðherra að markmið áætlunarinnar hafi náðst?*

Í aðgerðaáætlun um flutning verkefna til embætta sýslumanna, sem unnin var í samræmi við ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 50/2014, voru tilgreind 19 verkefni sem þá var talið fýsilegt að flytja til sýslumanna. Öll komu þau af málefnasviði innanríkisráðuneytisins og stofnana þess en önnur ráðuneyti töldu engin verkefni á málefnasviðum sínum henta til flutnings. Níu þeirra verkefna sem tilgreind voru í aðgerðaáætluninni kalla á breytingar á lögum og hefur eitt þeirra þegar verið flutt (afgreiðsla beiðna um nauðungarvistanir á sjúkrahúsum). Þá er frumvarp um flutning annars verkefnis nú til meðferðar á Alþingi (afgreiðsla gjafsóknarleyfa). Flutningur annarra verkefna sem tilgreind voru í áætluninni er til nánari skoðunar hjá ráðuneytinu þar sem m.a. er unnið að því að greina nánar fýsileika flutnings. Er það meginástæða þess að framkvæmd áætlunarinnar hefur tekið lengri tíma en til stóð.

2. *Hyggst ráðherra brydda upp á nýjum verkefnum sem sinnt verður af sýslumannsembættum eða stuðla að því með öðrum hætti að sýslumannsembættin fái viðtækari og styrkari verkefnagrundvöll?*

Innanríkisráðuneytið hefur um árábil unnið að eflingu embætta sýslumanna, m.a. með flutningi stjórnarsýsluverkefna úr ráðuneytinu til sýslumanna. Má þar sem dæmi nefna afgreiðslu umsókna um leyfi til ættleiðinga, afgreiðslu leyfisbréfa til lögmanna, afgreiðslu happdrættisleyfa og útgáfu Lögbirtingablaðsins. Hyggst ráðuneytið áfram vinna að því að efla grundvöll sýslumannsembættanna með þessum hætti í samræmi við eitt meginmarkmiða hinna nýju laga að efla stjórnarsýslu embættanna og gera þau betur í stakk búin til að taka að sér aukin verkefni. Stefnt er að því að leggja fram frumvarp á Alþingi á næsta vetri um frekari flutning stjórnarsýsluverkefna til sýslumanna, þ.m.t. þau verkefni sem tilgreind voru í aðgerðaáætluninni og sem talin eru henta embættunum. Er mikilvægt að önnur ráðuneyti komi einnig að því verki til að það markmið laganna náist að sýslumannsembættin verði miðstöðvar stjórnarsýslu ríkisins í héraði.